



4. fundur Öldungaráðs Uppsveita og Flóa kjörtímabilið 2022-2026 haldin á Hótel Hill á Flúðum 2. apríl 2025 kl. 14:00

Mættir eru:

Sigríður Kolbrún Oddsdóttir, fulltrúi Grímsnes-og Grafningshreppi, formaður
Þröstur Jónsson fulltrúi Hrunamannahreppi, varaformaður
Stefanía Hákonardóttir, fulltrúi Bláskógabyggðar
Halla Kjartansdóttir, fulltrúi Flóahrepps
Lilja Össurardóttir, fulltrúi Skeiða-og Gnúpverjahreppi
Guðrún Alfreðsdóttir, fulltrúi félags eldri borgara í Hrunamannahreppi
Elinborg Sigurðardóttir, fulltrúi félagi eldri borgara í Bláskógabyggð
Anný Ingimarsdóttir, fulltrúi Skóla-og velferðarþjónustu Árneshvíða, starfsmaður ráðsins

Ásta Oddleifsdóttir, fulltrúi heilsugæslunnar í Laugarási boðaði forföll, fulltrúi félags eldri borgara í Skeiða-og Gnúpverjahreppi mætti ekki.

Formaður, Sigríður Kolbrún Oddsdóttir, setti fundinn og óskaði eftir að Anný Ingimarsdóttir, ritaði fundargerð og var það samþykkt.

1. Dagdvöl fyrir aldraða – hver er staðan

AI upplýsti að sveitarfélög uppsveita fengu utanaðkomandi aðila, Sólrúnu Erlu Gunnarsdóttur, félagsráðgjafa og eiganda heimasíðunnar „aldur er bara tala“, til að kortleggja stöðuna. Hún er byrjuð á greiningarvinnu og komin með góðar upplýsingar sem munu koma að góðu gagni við vinnslu umsóknarinnar. Málið fór aðeins í biðstöðu þar sem ráðuneytið gat ekki svarað fyrir en fyrir stuttu hvernig skiptingin á milli ráðuneyta yrði. Nú er komið í ljós að umsýsla almennra dagdvalarrýma fer í gegnum félags-og húsnæðismálaráðuneytið en var áður hjá heilbrigðisráðuneytinu verið er að skoða hvaða áhrif þetta getur haft t.d. í sambandi við kostnaðarþátttöku sveitarfélaga og einnig hvaða gögn þurfa að liggja fyrir til ráðuneytis vegna umsóknarinnar.

Bókun:

Öldungaráð fagnar því að þessi vinna sé komin af stað. Ráðið skorar á sveitarfélögin að finna húsnæði sem fyrst, til að tryggja að opnun dagdvalar dragist ekki á langinn vegna húsnæðisleysis. Ráðið telur mikilvægt að húsnæðið sem þjónusta á þessa starfsemi sé staðsett miðsvæðis. Í því sambandi vill ráðið benda á að þegar heilsugæslan flytur úr húsnæðinu í Laugarási, hvort möguleiki sé á að nýta þá aðstöðu fyrir dagdvöl.

2. Virkni og vellíðan eldra fólks á svæðinu

Félagsleg einangrun og einmanaleiki eru megin áhættuþættir fyrir þunglyndi og kvíða á efri árum. HappApp er smáforrit sem stuðlar að andlegri heilsu og hamingju. Hægt er að sækja appið hér: <https://www.happapp.is/#/login>. Rætt var um ýmsar vefsíður sem hægt er að kynna sér ýmis ráð sem tengjast heilsu og vellíðan s.s. heilsuveru og island.is. ES benti á netfund sem haldin er í samvinnu við Landssamband eldri borgara (LEB) á teams 11. apríl nk. um svefnlyf og notkun þeirra, en rannsóknir hafa sýnt að svefnlyf er ekki langtíma lausn við

svefnleysi, nánari upplýsinga um þessa rannsókn og fleirra sem tengist svefni má finna á vefsíðunni www.sofduvel.is.

3. Fréttir úr sveitarfélögunum

- a. SKO fulltrúi Grímsnes- og Grafningsshrepps sagði frá þeirri vinnu sem hefur verið í gangi við að stofna félag eldri borgara í sveitarfélaginu. Stofnfundur verður haldinn á næstu vikum.
- b. ES, fulltrúi eldri borgara í Bláskógabyggð, sagði frá ýmsum fyrirlestrum sem U3A (Háskóli þriðja æviskeiðsins) heldur. Hún sagði að hún hafi m.a. sýnt þessa fyrirlestra á opnu húsi hjá þeim í aðstöðunni í Bergholti. Rætt var um að auka samstarfið með því að bjóða öðrum félögum eldri borgara á svæðinu að koma og hlusta á þessa fyrirlestra saman. Þá sagði ES frá vel heppnaðri árshátíð sem haldin var í Árnesi síðasta föstudag. Þar komu félög eldri borgara í uppsveitum saman á sameiginlega árshátíð. Þau byrjuðu á þessu fyrir nokkrum árum, árið 2024 var hún haldin í Aratungu, núna var hún í Árnesi og árið 2026 verður hún á Flúðum. Um 120 manns mættu í ár.
- c. HK, fulltrúi Flóahrepps, talaði um að ekki væri félag fyrir eldri borgara í Flóanum, en það væri hugmynd að stofna slíkt félag. Hún sagði að haldið hefði verið þorablót fyrir 60+ og var góð þátttaka, eða um 65 einstaklingar.

4. Önnur mál

- a) ES þakkaði félagi eldri borgara í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fyrir að hafa boðið öðrum eldri borgara félögum á svæðinu til fræðslufundar með Alzheimer-samtökunum. Einnig voru svipaðir fundir haldnir á Selfossi og Hellu. Fundarmenn sem tóku þátt á þessum fundum voru sammála um að þeir hefðu verið bæði fræðandi og gagnlegir.
- b. Rætt var um hvernig ná mætti til eldri borgara með erlendan uppruna, þar sem þessi hópur er ekki mjög sýnilegur og ekki er vitað hversu stór hann er. Farið var í hugmyndir um að starfsmenn hjá sveitarfélögunum geta sent upplýsingar um viðburði og aðra þjónustu til þessara hópa. Einnig var rætt um að fulltrúar eldri borgara gætu farið í heimsóknir til að kynna starfsemina og viðburði sem í boði eru.
- c. AI hvatti fundarmenn til að senda henni eða formanni SKO ráðsins erindi sem þeir vildu að yrði tekið fyrir. AI minnti fundarmenn á að öldungaráðið sé formlegur vettvangur fyrir samráð milli aldraðra, félagasamtaka þeirra, heilsugæslu, félagsþjónustu og sveitarstjórna um þjónustu við aldraða og þróun öldrunarmála innan sveitarfélaganna
- d. Næsti fundur er áætlaður 15. október kl. 14:30 í Þingborg

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 15:50

*Elinborg Sigurðardóttir
Guðrún Alfreðsdóttir
Halla Kjartansdóttir
Lilja Össurardóttir*

*Sigríður Kolbrún Oddsdóttir
Stefanía Hákonardóttir
Þröstur Jónsson
Anný Ingimarsdóttir*